

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi verksmiðjusvæðis á Gleráreyrum, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 14. desember 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi verksmiðjusvæðis á Gleráreyrum. Breytingin felst í því að við bætist byggingarreitur fyrir tengibyggingu milli eignarhluta IH og II á lóðinni Dalsbraut 1. Bæjarstjórn hefur lýst því yfir að hún muni bæta það tjón sem breytingin kunni að valda einstökum aðilum.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 12. janúar 2005.*

**Bjarni Reykjalin**, skipulags- og byggingarfulltrúi.